

Um Doru Alonso

Dora Alonso, rithöfundur, ljóðskáld og leikritahöfundur, fæddist í Recreo, Matanzas-sýslu, árið 1910. Hún var af spænsku og kúbönsku bergi brotin, dóttir almúgahjónanna Davids Alonso Fernández, frá Asturias-héraði á Norður-Spáni, og Adelu Pérez de Corcho Rodríguez, frá Guamutas, suðaustur af Varadero á Kúbu.

Snemma á ævinni tók hugur hennar að hneigjast til skrifta. Í endurminningum sínum segir Dora Alonso að á unga aldri hafi hún velt fyrir sér að hún „gæti orðið, vildi verða, ætlaði að verða rit-höfundur“. Hún nefnir jafnframt að hún hafi verið byrjuð að yrkja áður en hún lærði að skrifa.¹ Árið 1919, þá níu ára gömul, vann hún til fyrstu verðlauna í bókmenntasamkeppni heima í héraði. Hún var rétt sextán ára þegar fyrsta ljóðið hennar, *Amor*, birtist í dagblaðinu *El Mundo*. Í kjölfarið fylgdu sögur, leikrit og ljóð, og ótal sögur fyrir börn.

Þótt Dora Alonso sé öllu fremur þekkt fyrir barnabækur sínar og -leikrit þá skrifaði hún smásögur og skáldverk í raunsæisanda og á samfélagslegum nótum. Einnig hefur hún sent frá sér furðusögur auk verka sem voru samin fyrir útvarp.² Þá hefur hún ennfremur skrifað greinar og fréttir fyrir dagblöð. Árið 1933 starfaði hún til að mynda hjá fréttablaðinu *Prensa libre* í borginni Cárdenas, og á byltingarárunum var hún fréttaritari fyrir *Bohemia* í Havana og

1 Rafael, Luis, „Dora Alonso, un clásico de la literatura para niños“, *El rincónete* 2006 http://cvc.cervantes.es/el_rinconete/antiores/octubre_06/23102006_01.htm [sótt 25. desember 2016]. Llorach, Esteban (ritstj.), „Dora Alonso. Su vida, su obra“, *Cuba literaria* [án ártals] http://www.cubaliteraria.com/autor/dora_alonso [sótt 25. desember 2016].

2 Erla Erlendsdóttir, „Smásagan á Kúbu á 20. öld“ í Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dómíníska lýðveldinu og Púertó Ríkó*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 29-45, hér bls. 32.

skrifaði þá m.a. um Svínaflóainnrásina (1961), baráttuna í Sierra Maestra-fjöllunum og í borginni Santiago de Cuba. Nokkrar frásagnir hennar frá þessum tíma komu út í heftinu *El año 61* (Árið 1961).

Smásögur Doru Alonso birtust víða í tímaritum og blöðum á árunum fyrir byltinguna á Kúbu en var fyrst safnað á bók eftir byltinguna. Árið 1970 sendi Dora Alonso frá sér smásagnasafnið *Ellefu bestar* og sex árum síðar var safnið *Smásögur* gefið út. Stuttu seinna kom út úrval smásagna hennar titlað *Una* (1977) og *Drottningin á leik* birtist 1989. Almennt má segja að smásögur Doru Alonso séu einfaldar og tilfinningaríkar. „Þær flytja oft siðrænan boðskap, viðurkenndan sannleika eða hagnýta lífsreynslu þar sem skyggst er í innstu sálarkima persónanna“.³

Sagan sem hér kemur fyrir sjónir lesenda heitir „Una“ á frummálinu og var gefin út í safnríti með sama titli árið 1977 ásamt fleiri þekktum sögum Doru Alonso. Nefna má að í þessu riti eru sögurnar „Soffía og engillinn“ og „Ellefu hestar“ sem komu út í íslenskri þýðingu árið 2008 og 2009.⁴

Dora Alonso hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín, meðal annars Premio Nacional de Novela-verðlaunin árið 1944 fyrir skáldsöguna *Tierra adentro* (Varnarlaus jörð), Hernández Catá-smásagnaverðlaunin árið 1947 og í tvígang hefur hún fengið bókmenntaverðlaun Casa de las Américas (1961 og 1986). Hún fékk kúbönsku Þjóðarbókmenntaverðlaunin 1988, æðstu verðlaun sem rífhöfundur hlotnast á Kúbu.⁵ Hún lést árið 2001 níræð að aldri.

3 Erla Erlendsdóttir sama rit, bls. 32. Sanz, E. (ritstj.), *Historia de la literatura cubana II. La literatura cubana entre 189 y 1958. La República*. Instituto de Literatura y Lingüística «José Antonio Poruondo Valdor», La Habana: Editorial Letras Cubanas, 2003, bls. 455, 476–477

4 Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dómínska lýðveldinu og Púertó Ríkó*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008. Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Raddir frá Kúbu. Smásögur kúbanskra kvenna*, Reykjavík: SVF og Háskólaútgáfan, 2009.

5 Campuzano, Luisa, „Skáldkonur frá Kúbu“ í Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.): *Raddir frá Kúbu. Smásögur kúbanskra kvenna*, Reykjavík: SVF og Háskólaútgáfan, 2009, bls. 11–23.